



Borgarráð

Hólmsland - Vegamót, samkomulag um afnot af landspildu

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi afnotasamning við Gústaf Reyni Gylfason, kt. 170388-2089, um landsspildu hússins Vegamót í Hólmslandi, við Suðurlandsveg.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 18. nóvember 2010 var samþykkt að heimila þáverandi eigendum hússins Vegamóta (F2057601) við Suðurlandsveg í landi Hólms afnot af u.þ.b. 3.000 fermetra landspildu sem húsið stóð á til ársloka 2020.

Núverandi eigendur Vegamóta hafa lagt inn beiðni um framlengingu á afnotum til 5 ára, frá 1. nóvember 2023 að telja. Ekki eru horfur á að Reykjavíkurborg þurfi á umræddu landi a.m.k. fyrst um sinn.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa



Undirritaðir samningsaðilar, Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar-eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, í samningi þessum eigandi landsins og Gústaf Reynir Gylfason, kt. 170388-2089, eigandi Vegamóta á Hólmslandi gera með sér svohljóðandi:

SAMKOMULAG

um afnot af landspildu í Hólmslandi

Forsaga:

Þann 18. nóvember 2010 var samþykkt á fundi borgarráðs að heimila þáverandi eigendum hússins Vegamóta (F2057601) við Suðurlandsveg í landi Hólms afnot af u.þ.b. 3.000 fermetra landspildu sem húsið stendur á til ársloka 2020 eða um 10 ár.

Ekki var um formlega lóðaafmörkun að ræða heldur notast var við afmörkun frá uppdrætti Sveins Ívarssonar arkitekts.

1. gr. Land til afnota

Um er að ræða um 3000 fermetra landsspildu sem húsið Vegamót stendur á og sýnt er í fyrrum afnotasamning sem er meðfylgjandi.

Umgengni afnotahafa um landsspilduna skal ávallt vera snyrtileg.

Án leyfis byggingarfulltrúa er óheimilt að reisa ný mannvirki, en komi til þess skulu gilda um þau allir sömu skilmálar og gilda samkvæmt samkomulagi þessu.

2. Gildistími

Afnotasamningur þessi er tímabundinn til 5 ára, frá 1. nóvember 2023 að telja. Verði afnotaheimild ekki framlengd eftir lok framangreinds afnotatíma skulu eigendur hússins Vegamóta skila landinu sbr. 3. gr. samnings þessa.

Afnotahafi getur sagt upp afnotunum hvenær sem þeir óska en skulu þá rýma landsspilduna sbr. 3. gr. samnings þessa.

3. Afhending og skil á afnotasvæði

Afnotasvæðið afhendist formlega við undirritun samnings þessa. Ekki er gert ráð fyrir að rekin sé neins konar starfsemi á svæðinu.

Við lok samnings skal afnotahafi rýma lóðina og hreinsa, og skila svo svæðinu til eiganda landsins í ásættanlegu ástandi.



4. Annað

Brjóti afnotahafi gegn samkomulagi þessu og bætir ekki ráð sitt að undangenginni aðvörun getur Reykjavíkurborg sem eigandi sagt samkomulaginu upp hvenær sem er með þriggja (3) mánaða fyrirvara.

Ef afnotahafi selur húsið Vegamót skal Reykjavíkurborg eiga fyrsta forkaupsrétt að eigninni.

Reykjavík 23.10.2023

Landeigandi:

Afnotahafi:

F.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara
um samþykkt Borgarráðs

Gústaf Reynir Gylfason

Vottar að rétttri dags., undirskrift og fjárræði aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Meðfylgjandi:
Samningur við Svein Ívarsson frá 2012



2010-110025
90.1

SAMKOMULAG um afnot af landspildu í Hólmslandi


Á fundi borgarráðs 18. nóvember 2010 var samþykkt að heimila undirrituðum eigendum hússins Vegamót (fastanr. 205-7601) við Suðurlandsveg í landi Hólms afnot af u.þ.b. 3.000 ferm. landspildu sem húsið stendur á og sýnd er á meðfylgjandi uppdrætti Sveins Ívarssonar, arkitekts, dags. 1. nóv. 2010. Ekki er um formlega lóðarafmörkun að ræða. Með afnotaheimildinni er eigendum Vegamóta heimilað að láta húsið standa á landspildunni allt til ársloka 2020 og því jafnframt lýst yfir, að húsið þurfi ekki á þeim tíma að víkja af skipulagsástæðum.

Eftirfarandi skilmálar gilda um afnot spildunnar:


- 1) Heimilt er að stunda trjárækt.
- 2) Ekki er gert ráð fyrir að rekin sé á afnotaspildunni neins konar starfsemi.
- 3) Án leyfis byggingarfulltrúa er óheimilt að reisa ný mannvirki, en komi til þess skulu gilda um þau allir sömu skilmálar og gilda samkvæmt samkomulagi þessu um húsið Vegamót.
- 4) Umgengni um landspilduna skal alltaf vera snyrtileg.
- 5) Verði afnotaheimild þessi ekki framlengd eftir lok ofangreinds afnotatíma skulu eigendur hússins Vegamóta fjarlægja það af landspildunni á sinn kostnað, en rótfastur gróður fellur til landeiganda án endurgjalds.
- 6) Brjóti afnotahafar gegn samkomulagi þessu og bæti ekki ráð sitt að undangenginni aðvörun getur Reykjavíkurborg sagt samkomulaginu upp hvenær sem er með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7) Afnotahafarnir geta sagt afnotunum upp hvenær sem þeir óska, en skulu þá rýma landspilduna eins og að framan greinir.

Reykjavík, 19. janúar 2012.



F.h. Reykjavíkurborgar:



Agnar Jónsson
skrifst. stf. Framkvæmda- og eignasviðs

Afnotahafar, eigendur Vegamóta:


Sveinn Ívarsson
Kt: 130254-7649

Vottar að rétttri dagsetningu,
undirritun og fjárræði:

 150756-5455
 130661-4329



M. Bj.

- Hnitaskrá:
1. x=367243.55, y=401691.45
 2. x=367227.99, y=401697.28
 3. x=367180.35, y=401643.36
 4. x=367187.98, y=401609.58
 5. x=367209.08, y=401598.14

VEGAMÓT Í HÓLMSLANDI	
Dag: 11. NOV. 2010 MK, 1:2000	
SVEINN IVARSSON ARKITEKT F.A.Í.	
LYNGHALSI 3 110 R.VÍK SÍM 567-9006 OG 893-9006 KT: 130254-7649 SVEINN IVARSSON e.h.t. GRUNÐARHVAFTI 9 KÓPAVOGI KT: 550296 2330	